

til hvors. Iðgjalda hefur eigi verið krafizt, nema fyrir áðurnefnda sjóbrók, enn með því að krefjandinn eigi hefur sannað eignarrjett sinn að henni, verða honum eigi dæmd þau í þessu máli.

Um rekstur málsins í hjerði ber að geta þess, að próf í því voru byrjuð hinn 12. desember 1883, og þeim fram haldið til 19. apríl 1884. Síðan hefur ekkert verið átt við málið, þangað til próf voru aptur byrjuð í því 18. nóvember f. á., og var málinu eptir það löglega framhaldið til dóms. Um ábyrgð fyrir þennan drátt á prófum málsins er eigi að ræða, með því að prófdómari sá, er hafði það til meðferðar, er látinn. Af hálfu undirdómarans, er leiddi málið til lykta, hefur rekstur málsins verið vítalaus. Sókn og vörn í því við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á að vera óraskaður. Ákærði Jón Hannesson greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannezar Hafsteins, 10 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 13/1887.

Rjettvísín

gegn

Halldóri Hinrikssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Rangár-

vallasýslu 2. nóvember f. á., var hinn ákærði, Halldór Hinriksson, dæmdur fyrir sauðþjófnað til hegningarvinnu í 28 mánuði, og fyrir hilmingu á óleyfðri lausamennsku í 10 kr. sekt til hreppstjóra og hreppsjóds í Holtamanna-hreppi eptir 11. gr. tilskipunar 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn á Íslandi. Svo var hann og dæmdur til að greiða iðgjöld nokkurra hinna stolnu kinda, Ólafi Jónssyni á Litlu-Tungu 17 kr., Ingibjörgu Pálsdóttur á Vetleifsholtshelli 6 kr., Halldóri Halldórssyni á Syðri-Raudalæk 14 kr., Runólfi Halldórssyni á sama bæ 10 kr., og Árna Árnasyni á Skammbeinsstöðum 7 kr., og enn fremur til að lúka öllum málskostnaði í hjeradi, þar með talin málsvarnarlaun til Árna Helgasonar á Brekkum 6 kr.

Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða, Halldórs Hinrikssonar, er styðst við annað það, sem komið er fram í málinu, löglega sannað, að hann frá því haustið 1882 og til haustsins 1885 hefur stolið 25—31 sauðkindum. Að þessum þjófnaði var hann í samverknaði með Eyjúlfi nokkrum Símonarsyni, sem höfðað hefur verið sakamál á hendur í Árnassýslu. Nefndur Eyjúlfur rjæðst sem hjú að hálfu til hins ákærða vorið 1882, en að hálfu var hann lausamaður í óleyfi; þá um haustið og til jóla stálu þeir í fjelagi 12—16 kindum, er voru skornar á heimili hins ákærða og sem þeir hagnýttu sjer í sameiningu, án þess beinlínis að skipta afurðum þeirra. Næsta vor eða árið 1883 fór Eyjúlfur að búa í Árnassýslu, en kom um haustið austur í Rangárvallasýslu, til að heimsækja hinn ákærða, og þá stálu þeir við byggðarsafns-smalamennsku 5 sauðkindum;

2 þeirra skar hinn ákærði og hagnýtti sjer, en 3 af þeim voru markaðar upp undir mark Eyjúlfs í því skyni, að hann hefði þær heim með sjer sem sína eign, en þeim kom saman um, að Eyjúlfrur skyldi segja, að hann hefði fengið þær hjá hinum ákærða. Haustin 1884 og 1885 hjeldu þeir enn hinu sama fram, og stálu hvort árið 4—5 kindum; skar ákærði hvort árið 2 þeirra, en 2 eða 3 voru markaðar upp undir mark Eyjúlfs. Það er að vísu svo að hinn ákærði hefur borið, að hann aldrei hafi smalað kindum til þess að stela þeim, en framburður hans og önnur atvik í málinu benda eindregið til þess, að smalamennskan hefur verið sú, að reka saman allt það fje, sem á vissu svæði var, án tillits til, hvort hinn ákærði átti kindurnar eða ekki, og verður því ekki svo litið á, sem hinar stolnu kindur hafi sjálfkrafa komið saman við fje hins ákærða.—Afbrot hins ákærða á því undir 231. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, hefur til unnið, hæfilega ákveðin 3 ára betrunarhússvinna. Að vísu hefur hinn ákærði tilnefnt nokkra menn, sem áður eru nafngreindir, sem eigendur að nokkrum af hinum stolnu kindum, en þeim verður samt ekki dæmt endurgjald í þessu máli, því þótt þeir brjeflega hafi bedið hjeradsdómarann að mæla með því, að þeir fengju endurgjald fyrir þær kindur, er hinn ákærði kveðst hafa stolið frá þeim, þá er ekki næg sönnun fengin fyrir, að þeir hafi átt þessar kindur, og þar sem enginn þeirra hefur verið tekinn í próf, ekki einu sinni sannað, að þeir þessi haust hafi misst nokkra kind.

Að því leyti hinn ákærði með dóminum hefur verið

sektaður fyrir hilming með óleyfðri lausamennsku, þá skal það tekið fram, að honum hefur ekki verið stefnt fyrir það brot, og verður hann því ekki dæmdur fyrir það. Um málskostnað skal hjeraðsdóminum óraskað.

Allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað ber hinum ákærða að greiða, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Halldór Hinriksson, á að sæta 3 —þriggja—ára betrunarhússvinnu. Um málskostnað í hjerði skal hjeraðsdóminum óraskað. Svo greiði hinn ákærði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málfutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 17/1887.

Rjettvísín

gegn

Halldóri Halldórssyni og
Vigdýsi Valgarðsdóttur.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Árnassýslu, gengnum að Gerðiskoti 23. nóvember f. á., var hinn ákærði, Halldór Halldórsson, dæmdur fyrir stórpjófnað og einfaldan pjófnað